



Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 25. janúar 2019
Tilv.: ANR19010051/07.03


Efni: Áfangastaðaáætlanir.

Ráðuneyti ferðamála vill vekja athygli yðar á eftirfarandi.

Í Vegvísi í ferðaþjónustu sem kom út á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samtaka ferðaþjónustunnar árið 2015 var eitt af forgangsmálum í verkefnaáætlun að gera vandaðar stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustu í hverjum landshluta (DMP) sem síðar fengu nafnið áfangastaðaáætlanir. Ráðuneytið fól Ferðamálastofu í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna að vinna áætlanagerðina og fór fram umfangsmikil vinna á vegum markaðsstofa landshlutanna með þátttöku landshlutasamtaka sem og einstakra sveitarfélaga auk þess sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga sat í stýrihópi verkefnisins. Grunnhugsun að baki áfangastaðaáætlana fyrir landshluta er samstarf og samþætting vegna annarra áætlana á einstaka svæðum. Má þar meðal annars nefna deili- og aðalskipulagsgerð sveitarfélaga auk ýmissa landsáætlana s.s. samgönguáætlunar, byggðaáætlunar og landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Nú hafa þessar áfangastaðaáætlanir verið gefnar út, hver í sínum landshluta og má m.a. finna þær á heimasíðu ráðuneytisins sem og á heimasíðu Ferðamálastofu. Mikilvægt er að áætlunum verði fylgt eftir með aðgerðum og þar eru sveitarfélögin lykilaðilar.

Með bréfi þessu fer ráðuneytið þess á leit að áfangastaðaáætlun Austurlands verði lögð fram í bæjarráði/sveitarstjórn og vísað til viðeigandi stofnunar/sviðs í sveitarfélagi yðar.

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra


Sigrun Brynja Einarsson


Steinunn Valdís Óskarsdóttir